

27. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund mánudaginn 10. September 2001 kl. 18:00 í Ráðhúsinu.

Mættir voru Gretar D. Pálsson, formaður, Sigurþór Guðmundsson, Guðmundur Kristinsson, Björgvin Kr. Þorvarðarson, Pálmi Ólafsson, Þorbergur Bæringsson, slökkviliðsstjóri og Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Sjávarflöt 8.
Sigrún Þorsteinsdóttir og Kristján Guðmundsson sækja um leyfi til að byggja timburviðbyggingu við hús sitt og breyta þaki á bílgeymslu.
Teikningar eftir Björgvin Kr. Þorvarðarson. Stærð 47,0 m² og 143 m³.
Samþykkt. Björgvin sat hjá.
2. Bókhlöðustígur 10.
Hjörleifur Stefánsson, arkitekt f.h. húseiganda sækir um leyfi til að breyta áður samþykktum teikningum að breytingu á vinnustofu við húsið Berg sbr. teikningar eftir Hjörleif Stefánsson. Samþykkt.
3. Reitarvegur 12.
Eggert Halldórsson f.h. Þórsness ehf. sækir um leyfi til að breyta geymslulofti í herbergi og setustofu fyrir starfsfólk.
Afgreiðslu frestað og slökkviliðsstjóra falið að skoða málið m.t.t. öryggisatriða.
Byggingarnefnd gerir kröfu til að breytingarnar verði staðfærðar á byggingarnefndarteikningar.
4. Aðalgata 3.
Sæþór H. Þorbergsson sækir um leyfi til að byggja stigahús við húsið sbr. framlagðar teikningar eftir Bæring Bj. Jónsson, arkitekt.
Nefndin samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki húsafriðunarnefndar.
5. Víkurflöt 8.
Róbert Arnar Stefánsson sækir um leyfi til að byggja girðingu við hús sitt.
Samþykkt.
6. Smiðjustígur 6.
Karvel Jóhannsson sækir um leyfi til að setja þakglugga á hús sitt sbr. meðfylgjandi riss. Samþykkt.
7. Nesvegur 3.
Sigurþór Hjörleifsson f.h. Dekk og smur ehf. sækir um leyfi til að setja upp tvö auglýsingaskilti á austurgafli hússins. Samþykkt.
8. Nesvegur 16.
Þorbergur Bæringsson sækir um leyfi til að breyta áður samþykkttri teikningu þ.e. setja tvo glugga á norðurhlið. Samþykkt.

9. Áskinn 4.
Svanhildur Jónsdóttir sækir um leyfi til að byggja sólpall og tengja kofa við hús með veggjum og þaki.
Nefndin samþykkir sólpallin en hafnar tengingu húss og kofa, enda er kofinn eingöngu með bráðabirgðaleyfi.
10. Silfurgata 24.
Jón Ingi Hjaltalín sækir um leyfi til að stækka bílskúr frá áður samþykktum teikningum. Samþykkt með fyrirvara um að endanleg byggingarnefndarteikning verði framlögð.
11. Fákaborg 1.
Emil Þór Guðbjörnsson sækir um leyfi til framkvæmda við hesthús sbr. tillöguteikningar eftir Bæring Bj. Jónsson, arkitekt.
12. Hjallatangi 8.
Teikningar að einbýlishúsi lagðar fram til kynningar.

Fleira ekki gert.
Fundargerð upplestin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 18:50.

Óli Jón Gunnarsson (sign.),
Gretar D. Pálsson (sign.),
Pálmi Ólafsson (sign.),
Þorbergur Bæringsson (sign.),
Björgvin Kr. Þorvarðarson (sign.),
Sigurþór Guðmundsson (sign.),
Guðmundur Kristinsson (sign.).